

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	7.5.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Ísak Sigurjón Bragason
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Hannesson	<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með kísilmálmverksmiðju Elkem á Grundartanga. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi. Einni ábendingu er komið á framfæri er varðar afsog eftir útsteypingu málmis.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi þar sem m.a. var farið yfir eftirfarandi málefni:

1.Undanþága frá starfsleyfi. Rædd var undanþága frá starfsleyfi sem gefin var af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 11. janúar sl. Elkem Ísland hefur þá leyfi til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla allt að 500 tonn af eldhúð frá Finnlandi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði starfsleyfisins. Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. október nk.

2.Reyklos - þróun. Rætt var um þróun á reyklosi(reykslepp) frá fyrirtækinu. Í ár hefur reyklos aukist talsvert milli ára en alls eru komnar um 23 klst í reyklos, aðallega vegna bilana í vélbúnaði. Rætt var um orsakir og framtíðarhorfur vegna þessa, reiknað er með því að reyklos verði mun minna síðari hluta ársins.

### 3.Mæliáætlun

a) Rykmagn í útblæstri - síðustu frávik. Farið var yfir frávik frá fyrra ári þar sem rykmagn er yfir útblæstri. Frávikunum hefur verið lokað þar sem aðrar mælingar hafa farið fram og viðunandi niðurstöður fengist.

b) Næstu mælingar. Í sömu viku og eftirlitið fór fram var Nýsköpunarmiðstöð að framkvæma næstu mælingar skv. mæliáætlun.

4.Útstreymisbókhald - Farið var yfir helstu atriði er varðar útstreymisbókhald(E-PRTR) fyrirtækisins.

5.REACH - Farið var yfir skráningaskyldu skv. REACH og þá helst:

- Frumframleiðslu efna
- Innflutning
- Breyttar aðstæður/forsendur – uppfærslu skráningarskýrslu (e. registration dossier)
- Eigin notkun framleiðslu

6.Önnur mál. Rætt var um notkun sængurútsteypu en skv. rekstraraðila hefur áætlun um að hætta henni staðist og ekki verið steypt í sæng frá því í mars 2017. Nýjustu hávaðamælingar eru þá innan marka starfsleyfis.

Í lokin var farið í vettvangsskoðun um ofnhús og aðstöðu fyrir deigluhreinsun. Í ofnhúsi var fylgst með útsteypingu málmis í hringekju en nokkuð rykmagn þyrlast upp þegar mótunum er hvolf. Skv. rekstraraðila var áður afsog þar yfir en gekk sú lausn ekki upp.

## ÁBENDINGAR


Skv. rekstraraðila var afsog áður þegar hvolf er mótum eftir útsteypingu. Nokkuð magn ryks myndast við ferlið og þyrfti að skoða hvort aðrar lausnir séu mögulegar til að hindra losun ryks í ofnhúsið.

Rekstraraðili hefur komið því á framfæri að markmið og áætlun um minnkun á ryki frá ryk uppsprettum og ferlum í ofnhúsi eru til staðar. Ryk sem myndast við útsteypingu á málmi er ein af þessum uppsprettum og er markmiðið að fanga losun frá henni á næstu árum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.07.2019

  
Einar Halldórsson